

Borgarmynd ehf  
Miðstræti 8a  
101 Reykjavík

Reykjavík 7. júní 2018  
UST201806-079/G.G.  
09.06.01

### **Efni: Umsókn um kvikmyndaleyfi - Vatnshellir**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Snorra Þórs Tryggvasonar, Borgarmynd ehf. dags. 06. 06. 2018, vegna fyrirhugaðrar kvikmyndatöku í Vatnshelli í þjóðgarðinum Snæfellsjökli.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er friðaður sbr. auglýsingu nr. 568/2001. Í þjóðgarðinum er hvers konar atvinnustarfsemi og samkomuhald óheimilt án leyfis Umhverfisstofnunar.

#### ***Lýsing framkvæmdar:***

Einn kvikmyndatökumaður með eina myndavél og þrífót mun taka upp kynningarmyndband í Vatnshelli. Engar leikmyndir verða notaðar eða efni. Flygildi verður ekki notað. Rekstraraðilar Vatnshellis verða með kvikmyndatökumanni í för. Ætlunin er að taka nokkrar klippur í hellinum og verða þær notaðar í auglýsingar til að auglýsa ferðir í hellinn auk þess að verða notaðar í stutta mynd um hella á Íslandi. Myndatakan fer fram laugardaginn 9. júní og mun taka um tvær klukkustundir.

#### ***Áhrifamat:***

Umhverfisstofnun metur, miðað við ofangreinda verkefnalýsingu, að framkvæmdin muni að öllum líkindum ekki valda röskun á svæðinu eða hafa áhrif á verndargildi Vatnshellis.

#### ***Skilyrði***

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir áður lýstri kvikmyndatöku í Vatnshelli að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Vinsamlegast hafið þetta bréf meðferðis þegar myndað er innan friðlýstra svæða.
- Tilkynna skal til starfsmanna þjóðgarðsins Snæfellsjökuls hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnunar með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, sé þess kostur. Að öðru leyti eins fljótt og auðið er.
- Allur akstur utan vega er óheimill.
- Einungis skal gengið á merktum gönguleiðum.
- Lífríki og jarðminjum skal ekki raskað.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allt rusl verði fjarlæggt.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000


**Leyfisgjald**


Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi á friðlýstum svæðum á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir leyfi til kvikmyndagerðar og/eða myndatöku á friðlýstum svæðum er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. í Gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

**Eftirlit**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með verkefninu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst,

  
Sigrún Agúsdóttir  
sviðsstjóri

  
Jón Björnsson  
þjóðgarðsvörður